

**Fundargerð 2. fundar efnisorðaráðs Gegnis föstudaginn 28. maí 2004, stytt**  
Haldinn í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, kl. 14-16.

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Rætt var almennt um vandamál efnisorðagjafar og áframhaldandi þróun kerfisbundins efnisorðalykils. Fram kom að þeir sem skrá og gefa efnisorð þurfa að beita sig faglegum aga til að skapa samræmi í skráningu og efnisorðagjöf. Fram kom t.d. að í nýjum færslum eru sömu efnisorðin sett í svið 690 og 692. 693 er ætlað fyrir orð sem eru í vinnslu og eru „utan kerfis“, þ.e. ekki búið að taka inn í efnisorðalykil. Ennfremur kom fram að samheitalyklun er vandamál í Gegni (kemur sérstaklega frá gamla Gegni) sem þarf að laga.

Rætt var eftir hvaða „módeli“ eða vinnuaðferð best væri að fara við efnisorðasamvinnu og uppbyggingu efnisorðalykils og hver ætti að standa að samvinnunni og stýra henni. Kynnt var það „módel“ sem samvinna Borgarbókasafns og höfunda *Kerfisbundins efnisorðalykils* byggðist á og reyndist þeim samstarfsaðilum vel.

Rætt var að gera tilraun til að skipta stigveldum í *Kerfisbundnum efnisorðalykli* upp í kennisvið sem gætu hugsanlega verið heiti á væntanlegum sérefnislyklum. Rætt hvaða verkfæri best væri að nota við uppbyggingu efnisorðalykils, þ.e. hvort hægt væri að nota Gegni sjálfan eða hvort nota ætti Multites eða eitthvert annað kerfi. Ákveðið að skoða hvaða verkfæri aðrar þjóðir nota til að halda utan um sín efnisorðakerfi, t.d. Svíar og Finnar.

Fram kom hugmynd um að fá Lois Mai Chan, sérfræðing í lyklun, til að koma og halda námskeið um efnisorðagjöf og veita ráðgjöf um uppbyggingu efnisorðalykils til að koma okkur hér á landi af stað og skapa sameiginlegan grunn til að byggja á.. Þórdísi var falið að kanna málið nánar.

Þórdís Þórarinsdóttir ritaði fundargerð.